



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fornám ÍSLEIFA05

Kennsluáætlun – haustönn 2019

Kennarar áfangans: Jón Özur Snorrason (JÖ) og Stefán Hannesson (SHA)

Áfangalýsing:

Ritun og stafsetning: Ritun er byggð upp frá grunni. Byrjað er á einföldun málsgreinum sem hjálpa nemendum við að átta sig á greinarmerkjasetningu í tengslum við byggingu málsgreina. Síðan er byggt ofan á þekkinguna og unnið með efnisgreinar og stuttar ritanir s.s. hugleiðingar, fréttir, greinaskrif, heimildaritanir og fleiri gerðir ritana.

Lestur: Nemendur lesa ýmsa texta sem kennari velur og einnig að eigin vali. Ýmis bókmennta- og lesskilningsverkefni eru unnin í tengslum við lesturinn.

Málnotkun: Nemendur þjálfast í málnotkun með ýmsum verkefnum.

Framsögn: Nemendur ræða um verkefni sín og kynna sum þeirra, ýmist fyrir kennara, í litlum hópum eða öllum bekknum.

Forkröfur: Engar.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaratriðum í ritun, svo sem málsgreinum, efnisgreinum, greinarmerkjum og byggingu ritsmíða.
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli.
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli.
- mismunandi lestraraðferðum, nokkrum tegundum bókmennta.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota leiðréttingaforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta.
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni.
- ná fram mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal og ritmáli.
- draga saman aðalatriði í fyrirlesturum og ritmáli, leita upplýsinga úr heimildum og nýta þær á viðurkenndan hátt sér til gagns.
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni.
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingarmál og orðatiltæki.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari.
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar.
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt.
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum

Grunnþættir sem unnið er með: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun.

Kennslubækur og kennslugögn: Efni frá kennara.

Vægi námsþátta í einkunn

Tekið verður mið af þekkingu, leikni og hæfni nemenda við námsmátið.

- 30 % Ritun, málfar, bygging, framsetning og réttiritun (verkefnavinna)
- 30 % Bókmenntir og lestur, hlustun, túlkun og skilningur (verkefni og kannanir)
- 10 % Lokaverkefni
- 30 % Þátttaka og virkni í tímum

Kröfur og verkefnaskil

- Ekkert lokapróf er í þessum áfanga en ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum. Því betur sem nemendur sinna vinnu í kennslustundum, því minna verður heimanámið. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlög fer eingöngu fram í kennslustundum. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Tölvuvinnsla verkefna hefst í september og þurfa nemendur að hafa aðgang að tölvum meðan sú vinna stendur yfir. Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.
- Athugið að kennarar taka **ekki** við skilaboðum frá nemendum á Facebook, einungis í tölvupósti.

VINNUÁÆTLUN HAUSTÖNN 2019

	Verkefnavinna
19.-23.ág.	Kynning.
26.-30.ág	1. hluti – Bygging málsgreina og helstu orðflokkanir. Lestur.
2.-6. sept	2. hluti – Lestur og ritun. Lykilsetningar.
9.-13. sept	3. hluti – Efnisgreinar. Lestur og virk hlustun.
15.-20.sept.	4. hluti – Glósur og endursögn. Lestur.
23.-27.sept.	5. hluti – Ýmsar æfingar. Bókmenntir og lestur.
30.sept.-4.okt.	6. hluti – Eftirtekt og umræða. Lestur.
7.-11.okt.	7. hluti – Aðalatriði og upplýsingaleit.
14.-18.okt. verkefnadagar 17.-18.okt.	8. hluti – Bókmenntir, orðaforðinn, lestur og túlkun.
21.-25.okt.	Frh. Bókmenntir, lestur og túlkun.
28.okt.-1.nóv	Frh. Bókmenntir, lestur og túlkun.
4.-8.nóv.	9. hluti – Ýmislegt.
11.-15.nóv.	10. hluti – Lokaverkefni.
18.-22.nóv.	Frh. Lokaverkefni.
25.-29.nóv.	Frh. Lokaverkefni.
2.-6.des.	Uppgjör áfangans.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu,

Jón Özur Snorrason (jozur@fsu.is)

Stefán Hannesson (stefanhanness@fsu.is)